



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

## Valgreinaval 2016

Ágæti nemandi

Hér er birtur listi yfir þær valgreinar sem hægt verður að velja á milli skólaárið 2016-2017. Val ykkar mun síðan ráða því endanlega hvort unnt verður að hafa viðkomandi valgrein í boði eða ekki. Algengast er að valgreinar séu í boði fyrir alla nemendur óháð brautum og kjörsviðum en ef svo er ekki þá er það tiltekið í lýsingu. Ef fleiri nemendur velja grein en komast að þá ganga nemendur í 4. bekk fyrir. Námskröfur í valgreinum eiga að vera sambærilegar, sama hvaða námsgrein verður valin, og sama á hvaða þáttum námsmátið byggir.

Sérhver nemandi í 3. og 4. bekk á að vera í tveimur valgreinum á ári. Valgreinar sem eru í boði eru bæði ætlaðar til þess að nemendur geti dýpkað þekkingu sína á því sviði sem þeim þykir mest spennandi og til þess að kynna fyrir nemendum nýjar námsgreinar. Það er ósk mín að þið finnið hér eitthvað við ykkar hæfi.

Már Vilhjálmsson  
rektor

Sérhver nemandi í 2. og 3. bekk velur sér tvær valgreinar. Auk þess velja allir tvær valgreinar til vara. Brýnt er að vanda bæði aðalval og varaval. Hafa ber í huga að grein, sem nemandi velur sem aðalval, gæti fallið niður ef fáir velja hana. Þá gildir varaval nemandans. Hver valgrein gildir 3 einingar. Meginreglan í skipulagi valgreina er að bóklegar greinar eru 6 tíma á viku í eina önn en verklegar greinar eru 3 tíma á viku allt árið. Reynt verður að raða valgreinum á haustönn og vorönn þannig að flestum henti. Í upphafi námslýsinga kemur fram hvort aðgangur að valgrein er takmarkaður, annars stendur hún öllum til boða. Í valgreinum með námsferðir erlendis er hámarksfjöldi 30 nemendur og er valið á grundvelli einkunna og mætingar. Nemendum er bent á að í ýmsum valgreinum innheimtir skólinn efniskostnað. Bæklingar með valgreinalýsingum mun liggja frammi á skrifstofu og hjá námsráðgjöfum. Bæklinginn er einnig að finna á Námsnetinu og á heimasíðu skólans. Um metið nám í stað valgreinar er fjallað aftast í bæklingnum. Almennar upplýsingar um mat á námi veitir kennslustjóri.

Valgreinaval: fer fram á Námsnetinu frá 5. – 16. mars. Nemendur velja fjórar valgreinar, tvær sem aðalval og tvær sem varaval. Nemendur geta breytt vali sínu á Námsnetinu til 16. mars.

**ATHUGIÐ: KRAFA UM GÓÐA NÝTINGU ÞÝÐA STÓRIR HÓPAR.**

**EÐ OF FÁIR VELJA ÁKVEÐNA VALGREIN VERÐUR HÚN EKKI KENND.**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
- Valgreinaval 2016	1
- Berlín (BER3v3)	3
- Bíóbrot – horft og pælt (BÍÓ3v3)	4
- Enska sem raunvísindamál (ERM3v3)	5
- Enski boltinn – Hin fagra íþrótt (EBO3v3)	6
- Fatasaumur 1 (VÉS3v3)	7
- Fatasaumur 2 (VÉ24v3)	8
- Fjármálalæsi (FJÁ3v3)	9
- Franskar kvikmyndir (FKV3v3)	10
- Glæparannsóknir í anda CSI (CSI3v3)	11
- Heilsa og lífsstíll (HEI3v3)	12
- Heimur barnabókmenntanna (HBB3v3)	13
- Hjálparstarf og friðargæsla (HJF3v3)	14
- Hobbit og Lord of the Rings í kvikmyndum (HBK3v3)	15
- Í leikhús! Skemmtun og skætur (LHÚ3v3)	16
- Íslenskir dægurlagatextar (ÍDT3v3)	17
- Íþróttافرæði (ÍPF3v3)	18
- James Bond og Star Wars í kvikmyndum (JBS3v3)	19
- Jóga og slökun (JÓG3v3)	20
- Konur í kvikmyndum „Stelpumyndir“ (KBK3v3)	21
- Kynjafræði (KYN3v3)	22
- Leirmótun og þrívíð verk (LMP3v3)	23
- Línuleg algebra 1 (LÍA3v3)	24
- Myndbandagerð 1 (MBG3v3)	25
- Myndbandagerð 2 (MB23v3)	26
- Myndlist 1 (MYN3v3)	27
- Myndlist 2 (MY24V3)	28
- Námsaðferðir 1 (NAM3v3)	29
- Námsaðferðir 2 (NA24v3)	30
- Næringarfræði (NÆR3v3)	31
- París (PAR3v3)	32
- Sagan í kvikmyndum (SAK3v3)	33
- Samvinna nemenda í stærðfræði (STN3v3)	34
- Skápurinn og glerþakið (SKG3v3)	35
- Stjórnun (STÓ3v3)	36
- Stjörnulíffræði (LST3v3)	37
- Tónlistarsaga 20. aldar (TÓS3v3)	38
- Tölvutónlistarval 1 (TÖT3v3)	39
- Tölvutónlistarval 2 (TÖ23v3)	40
- Yndislestur (Ynd3v3)	41
- Yndislestur á ensku (Yne3v3)	42
- Annað nám metið sem valgrein	43

## Berlín (BER3v3)

*Þýsk tunga - menning - mannlíf - saga*

Skilyrði fyrir þátttöku er að nemendur hafi lært þýsku í a.m.k. eitt ár. Hámarksfjöldi nemenda í áfanganum er 30.

### Námslýsing:

Berlín hefur verið deigla menningarstrauma úr ýmsum áttum í aldanna rás og 1871 urðu straumhvörf í evrópskri sögu þegar þungamiðja stjórn mála norðurálfunnar fluttist frá Signu til Spree. Berlín 20. aldar var vettvangur harmsögulegra atburða, heimsstyrjaldarinnar síðari og skiptingu Þýskalands í tvö ríki, en jafnframt mestu gleðitiðinda í sögu þýsku þjóðarinnar þegar hún sameinaðist aftur fyrir u.þ.b. tuttugu og fimm árum –eftir 40-ára aðskilnað. Í dag er Berlín m.a. kölluð „framúrstefnuhöfuðborg álfunnar“ og „höfuðborg frjálslyndis og sköpunarkrafts.“ Fjölmenningarlegt mannlíf, listir og vísindi láta engan ósnortinn.

Stefnt er að námsferð til Berlínar á haustönn 2016. Áætlaður kostnaður per nemanda er ekki undir 90 þús. krónum en nemendur gætu fundið ýmsa möguleika til fjáröflunar.

Ekki er skylda að fara í ferðina til Berlínar. Nemendur geta fengið valáfangann metinn án ferðar. Visst verkefni kemur þá í stað ferðarinnar.

### Markmið námskeiðsins í hnotskurn - eru að nemendur

- kynnist Berlínarborg, sögu hennar og menningu í nútíð og fortíð
- kynni sér og heimsæki merkisstaði borgarinnar og njóti menningarverðmæta hennar.
- öðlist aukna færni í daglegum samskiptum á þýsku.
- þjálfist í öflun heimilda og í úrvinnslu þeirra og túlkun.
- geti samið og flutt verkefni og kynningar á íslensku um efni tengt áfanganum.

### Kennsluform / kennsluaðferðir – Námsefni

Kennarar hafa framsögn í máli og myndum en gengið er út frá virkri þátttöku nemenda í einstaklings- eða hópvinnu. - Stuðst er við ýmsar heimildir og frumsamið itarefni kennara.

### Námsmat:

Raunmæting (30%).

Verkefni (50%).

Ferðadagbók (20%)

**Upplýsingar veita:** Guðmundur V. Karlsson (gudmundurk hjá msund.is), Solveig Þórðardóttir (solveigt hjá msund.is) og Brynja Dís Valsdóttir (brynjav hjá msund.is)

## **Bíóbrot – horft og þælt (BÍÓ3v3)**

### **Námslýsing**

Í áfanganum verður farið 5-8 sinnum í bíó og horft á úrval íslenskra og erlendra kvikmynda í Bjarmalandi. Nemendur spreyta sig á að skrifa kvikmyndagagnrýni og velta fyrir sér hvað einkenni góða kvikmyndagagnrýni. Farið verður yfir hugtök bókmennta- og kvikmyndafræðinnar sem nýtast við greiningu og í umfjöllun nemenda. Þá fá nemendur tækifæri til að vinna skapandi verkefni upp úr valinni kvikmynd.

### **Markmið**

Að nemendur öðlist:

- þekkingu á íslenskri kvikmyndasögu seinni ára,
- þekkingu á kenningum Campbells um ferðalag hetjunnar og leikni í að beita þeim,
- leikni í að beita hugtökum bókmennta- og kvikmyndafræði í umfjöllum um kvikmyndir,
- hæfni til að draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum,
- hæfni í að greina kvikmyndir og setja þær í samhengi við samfélagamál.

### **Námsmat**

- Ástundun og þátttaka í umræðum: 30%
- Kvikmyndagagnrýni: 40 %
- Skapandi verkefni: 30%

***Vakin er athygli á því að í þessari valgrein þurfa nemendur að greiða aðgangseyri að kvikmyndasýningum.***

**Upplýsingar veita** Dagur Hjartarson (dagurh hjá msund.is) og Rannveig Hulda Ólafsdóttir (rannveigo hjá msund.is)

## Enska sem raunvísindamál (ERM3v3)

Góð enskukunnátta er lykill að árangursríku framhaldsnámi í raunvísindum. Tveir þriðju hlutar hefðbundinna skoðanaskipta raunvísindamanna fara fram á ensku og á netinu er hlutfallið enn hærra. Menntaskólinn við Sund býður upp á valáfanga í ensku þar sem hugað verður sérstaklega að þessu. Enskur orðaforði raunvísindanna mun nýtast vel þeim nemendum sem hyggja á raunvísindanám í framtíðinni.

### Námsmarkmið:

**Þekking** - Nemandi skal hafa:

- a) öðlast orðaforða sem gerir honum kleift að lesa enskar kennslubækur í raunvísindum.
- b) kynnst vísindum og tækni þeirra landa þar sem enska er töluð
- c) fengið innsýn í þróun raunvísinda og álitamál innan þeirra

### Leikni - Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- d) skilja talað mál um fræðileg og vísindaleg efni
- e) skilja vel sérhæfða texta
- f) geta tjáð sig af öryggi um vísindaleg málefni
- g) geta nýtt sér viðeigandi hjálpargögn, s.s. sérhæfðar orðabækur og internetið

### Hæfni - Nemandi skal geta notað þekkingu sína og leikni til að:

- g) nýta sér fyrirlestra og umræður um raunvísindi
- h) hagnýta texta, niðurstöður og heimildir í rannsóknarskyni
- i) taka þátt í umræðum og rökræðum um vísindaleg efni
- j) flytja áheyrilegar og upplýsandi kynningar og greinargerðir
- k) skrifa vel byggðan, gagnorðan texta um vísindaleg málefni

### Námsefni:

Í valáfanganum verða vísindalegir textar valdir í samræmi við óskir og hæfni nemenda. Einnig munu nemendur lesa smásögur og skáldsögur með vísindalega þema. Þá verður horft á vísindalega fræðsluþætti og kvikmyndir sem flokkast undir „science fiction“.

### Námshættir:

Nemendur lesa, ræða og vinna vandlega með efni og orðaforða greinanna, efni smásagnanna og skáldagnanna auk kvikmyndanna sem horft er á. Þeir takast á við álitamál innan vísindanna í ræðu og riti.

### Námsmat:

Mæting	10%
Vinnueinkunn	10%
Próf úr greinum, smásögum og kvikmyndum	40%
Munnleg kynning	10%
Munnlegt próf úr smásögum	10%
Ritgerð eða próf úr skáldsögu	20%

**Upplýsingar veitir** Sigrún Bryndís Gunnarsdóttir, sigrung hjá msund.is

## Enski boltinn – Hin fagra íþrótt (EBO3v3)

Enski boltinn nýtur gríðarlegra vinsælda hér á landi. Í áfanganum verður verður kafað ofan í hina föggu íþrótt. Nemendur munu skrifa fréttir og pistla á heimasíðu helgaða enska boltanum undir ritstjórn kennara. Efnistöð verða ákveðin í tímum sem munu líkjast ritstjórnarfundum. Þar verður áhersla lögð á samvinnu nemenda og kennara. Þá verður íþróttافرéttamennska skoðuð út frá ýmsum sjónarhornum og stefnt að því að fara í vettvangsferðir á íþróttافرéttastofur. Nemendur af báðum kynjum eru hvattir til að taka þátt.

### Námsmarkmið

Nemendur skulu öðlast þekkingu á:

- grunnhugtökum blaða- og fréttamennsku,
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast í ræðu og riti.

Nemendur skulu öðlast leikni í:

- réttritun og uppsetningu texta,
- að draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti, og meta áreiðanleika þeirra,
- að vinna í hóp og tileinka sér öguð vinnubrögð.

Nemendur skulu öðlast hæfni til að:

- leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra,
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum,
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti,
- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu.

### Námsmat

- Ástundun og þátttaka: 20%
- Fréttaskrif: 50%
- Pistlar og viðtöl: 30%

**Upplýsingar veitir** Dagur Hjartarson, dagurh hjá msund.is

## Fatasaumur 1 (VÉS3v3)

### Námslýsing:

- Að nemendur læri grunntækni í sníðagerð og saumaskap.
- Að nemendur læri að teikna hugmyndir sínar.
- Að nemendur læri um textíl og mynsturgerð.
- Að nemendur læri að gera hugmynd sína að fullgerði flík eða nytjahlut.
- Að nemendur læri hugmyndavinnu að hönnun.

### Námsmarkmið:

Að nemendur:

- læri að hanna, sauma og sníða flíkur. Frá hugmynd að fullgerðri flík eða nytjahlut.
- læri vel á saumavél.
- læri að endurvinna gömul föt og breyta.
- þjálfist í finhreyfingum.
- efli sjálftraust og fái útrás við að skapa sjálfur eitthvað fallett og nytsamlegt.
- þjálfist í saumaskap,teikningu,textílgærð,málun, og mynsturgerð.
- hafi gagn og gaman af faginu.
- temji sér vönduð vinnubrögð og frágang.
- öðlist skilning á fjölbreytileika saumaskaps og fatahönnunar.

### Námsmat:

Mæting, áhugi og virkni í tímum. Vinnubók nemenda sem sýnir teikningar af hugmyndum og flíkunum sem saumaðar eru ásamt prufum og ljósmyndum af öllu sem þeir gera.

**Upplýsingar veitir** Áslaug Leifsdóttir, aslaugl hjá msund.is

## Fatasaumur 2 (VÉ24v3)

### Námslýsing:

Þessi áfangi er ætlaður fyrir nemendur sem hafa lokið fatasaumi 1.

-Að nemendur dýpki skilning sinn á hönnun, sníðagerð, saumaskap og gerð nytjahluta.

-Að nemendur læri hugmyndavinnu út frá hugmyndaspjöldum.

-Að nemendur læri meira um textíl og mynsturgerð.

-Að nemendur læri að hekla og prjóna t.d húfu

Lögð er meiri áhersla á hönnunarvinnu. Farið verður í vettvangsferðir á vinnustofur íslenskra hönnuða og fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands.

### Námsmarkmið:

-Að nemendur læri að hanna, sauma og sníða flóknari flíkur. Frá hugmynd að fullgerðri flík eða nytjahlut.

-þjálfist í finhreyfingum.

-efli sjálftraust og fá útrás við að skapa sjálfur eitthvað fallegt og nytsamlegt.

-þjálfist í saumaskap, teikningu, textílgæði, málun, og mynsturgerð.

-hafi gagn og gaman af faginu.

-temji sér vönduð vinnubrögð og frágang.

Öðlist dýpri skilning á fjölbreytileika fatahönnunar og möguleikum hennar. Að nemendur búi til "portfolio" vinnubók sem hægt er að nota til umsóknar í Listaháskóla ef áhugi er fyrir hendi

### Námsmat:

Mæting, áhugi og virkni í tímum. Vinnubók nemenda sem sýnir teikningar af hugmyndum og flíkunum sem saumaðar eru ásamt prufum og ljósmyndum af öllu sem þeir gera.

**Upplýsingar veitir** Áslaug Leifsdóttir, aslaugl hjá msund.is.



## Fjármálalæsi (FJÁ3v3)

### Námslýsing:

Nemendum er kynnt gildi fjármála fyrir einstaklinginn, fyrirtæki og samfélag. Lögð verður áhersla á fjármálalæsi sem hagnýta fræðigrein sem nýtist öllum í námi og starfi. Sérstaklega verður unnið með hugtökin frelsi, ábyrgð og val í tengslum við fjármál. Fræðslan í áfanganum miðast við að efla almennt skilning á fjármálum jafnt sem hún á að auðvelda fólki fjármálaákvörðanir í lífinu. Áfanginn er einnig góður undirbúningur undir háskólanám á sviði félagsvísinda, viðskiptafræði eða hagfræði.

### Námsmarkmið:

Nemi geti útskýrt mikilvægi fjármála fyrir einstaklinginn, fyrirtækið jafnt sem samfélagið í heild sinni. Þekki grunnþætti fjármála að loknum áfanga.

### Námsaðferðir

Fyrirlestrar kennara um einstök efni. Nemendur gera verkefni ýmist skriflega eða í formi fyrirlestra, hópverkefna og einstaklingsverkefna. Áhersla lögð á skipulegar og vel undirbúnar umræður. Gestafyrirlesarar, stjórnendur úr íslensku atvinnulífi. Heimsóknir í fyrirtæki og opinberar stofnanir.

### Námsefni:

Sigmar Þormar. „, Fjármálalæsi fyrir þig“ Bókin fæst hjá kennara.

### Námsmat:

Námsmat byggir á símati; Framsögum í tíma, námsþáttaprófum og verkefnum um fjármál einstaklinga.

**Upplýsingar veitir** Sigmar Þormar, sigmart hjá msund.is

## Franskar kvikmyndir (FKV3v3)

### Námslýsing:

Frönsk kvikmyndasaga verður skoðuð út frá mismunandi tímabilum allt frá fyrstu kvikmynd Lumière bræðra til dagsins í dag. Fjallað verður um helstu strauma og stefnur, leikstjóra, leikara og kvikmyndir hvers tímabils fyrir sig. Skoðaðar kvikmyndir frá frönskumælandi löndum, Belgíu, Kanada og Afrikulöndu.

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni úr hverju tímabili og kafa þannig dýpra ofan í efnið.

Tímabilin sem tekin verða fyrir eru:

- 1.Upphaf kvikmyndagerðar og þróunin fyrstu áratugina (1896-1958)
- 2.Framfarir í kvikmyndagerð og La Nouvelle Vague Nýbylgjan (1958-1975)
- 3.Le cinéma relatif – listrænar og ádeilumyndir (1975-1994)
- 4.Kvikmyndir í stöðugri þróun (1994-2016)

### Námsmarkmið:

Nemendur

- fái innsýn í sögu franskra kvikmyndagerðar
- þekki helstu strauma og stefnur frá upphafi kvikmyndagerðar
- þekki helstu leikstjóra og leikara Frakka
- fái innsýn í franskan menningarheim og hvernig franskar kvikmyndir eru ólíkar t.d.bandarískum
- þjálfist í að afla sér upplýsinga á interneti og í bókum
- þjálfist í uppsetningu og flutningi fyrirlestra
- þjálfist í að gagnrýna kvikmyndir

### Kostnaður:

**Engin kennslubók er notuð í áfanganum en nemendur geta reiknað með að þurfa einu sinni eða tvisvar á önn að „leigja“ sér mynd á videoleigu/Borgarbókasafninu og þurfa nemendur að standa undir þeim kostnaði sjálfir í stað þess að kaupa kennslubók.**

### Námsmat.

Ástundun og þátttaka í umræðum : 30%

Kvikmyndadagbók : 40%

Skapandi verkefni : 30%

**Upplýsingar veitir:** Petrina Rós Karlsdóttir, petrinak hjá msund.is

## Glæparannsóknir í anda CSI (CSI3v3)

### Námslýsing:

Skyggst verður inn í heim glæparannsókna. Nemendur fá í hendurnar glæpamál af ýmsum toga, vísbendingar og sönnunargögn af vettvangi sem þeir rannsaka til að finna sökudólg. Námskeiðið byggir að miklu leyti á verklegri hópavinnu þar sem nemendur nota þekkingu sína í ýmsum greinum raunvísindanna til að leysa glæpamálin. Dæmi um aðferðir sem beitt verður eru fingrafaragreining, beinamælingar, niðurstöður DNA greiningar, efnagreining dularfulls vökva og ýmis konar blóðgreiningar. Auk þess verða kynningar á rannsóknaraðferðum í formi fyrirlestra og verkefna á veraldarvefnum. Sýndir verða CSI sjónvarpsþættir og kannað hversu raunsæ mynd er gefin af glæparannsóknum í slíkum þáttum. Stefnt er að því að halda morðkvöld þar sem nemendur bjóða fjölskyldu/vinum og hjálpa þeim að leysa morðgátu og í lokin munu nemendur búa til glæpasögu.

### Markmið áfangans er að nemendur:

- Kynnist helstu rannsóknaraðferðum sem notaðar eru við rannsókn glæpamála
- Öðlist leikni í beitingu þessara rannsóknaraðferða
- Leysi nokkur glæpamál, rökstyðji niðurstöður sínar og leggi mat á sönnunargildi þeirra
- Þjálfist í að greina, túlka og meta sannleiksgildi glæparannsóknabátta
- Þjálfist í að horfa gagnrýnum augum á niðurstöður rannsókna
- Geti búið til glæpamál í teymisvinnu og leyst það

### Kennsluaðferðir:

Verklegar æfingar þar sem nemendur vinna úr sönnunargögnum af glæpavettvangi

Sýningar myndefnis í tengslum við glæparannsóknir

Kynningar á rannsóknaraðferðum í fyrirlestraformi og á vefnum

Umræðutímar og kynningar nemenda

Stefnt er að því að fara í vettvangsferð í tengslum við efnið

### Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi.

Lokaeinkunn byggist á þátttöku og ástundun, ferilmöppu með verkefnum og kynningu eða greinargerð.

### Námsefni:

Fjölrít frá kennurum. Sjónvarps- og fræðsluþættir tengdir efni áfangans Glærur og verkefni kennara. Vakin er athygli á því að í þessari valgrein er innheimt sérstakt efnisgjald í upphafi annar.

**Upplýsingar veita** Unnur Sigmarsdóttir (unnursig hjá msund.is) og Þóra Víkingsdóttir (torav hjá msund.is)

## Heilsa og lífsstíll (HEI3v3)

### Námslýsing:

Áfanginn samanstendur af kjarna og vali þar sem kafað er dýpra í ákveðin efni sem ákveðin eru í samkomulagi við nemendur. Í kjarni áfangans er farið yfir inngang áfangans, umfjöllun um mannlíkamann, næringu, hreyfingu og geðheilsu og loks upplýsingalæsi. Í valinu velja nemendur hvað þeir vilja skoða dýpra og er til dæmis um að velja ávanabindandi efni, félagsleg heilsa og geðheilbrigði, kynheilbrigði, umhverfi og ferðalög og/eða kafað dýpra í líkamann, hreyfingu, næringu og menningu. Í áfanganum er megináhersla á að jafnvægi skipti máli í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur, þ.e. í mataræði, hreyfingu, hvíld, slökun, áhugamálum, því að sinna fjölskyldu og vinum o.s.frv.

### Námsmarkmið:

Meginmarkmið og tilgangur áfangans Heilsa og lífsstíll er að efla nemendur í að taka ábyrgð á eigin heilsu með því að þeir fræðist um líkama sinn og heilsu í víðum skilningi og þjálfist í upplýsingalæsi og gagnrýnni hugsun. Með því viljum við stuðla að heilbrigðum lífsstíl nemenda.

### Námsmat:

Námsmat í áfanganum byggist á mismunandi verkefnum sem unnin eru jafnt yfir önnina. Verkefni eru ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni og krefja nemendur um að skoða og greina sjálfa sig, hugmyndir sínar og gildi. Nemendur safna saman í verkefnaöppu eða ferilbók einstaklingsverkefnum, ígrundunum og hópverkefnum.

### Kennsluaðferðir og námsefni:

Nemendur koma með forhugmyndir inn í áfangann og er miðað að því að bæta ofan á þær, auka skilning og í sumum tilvikum leiðrétta misskilning. Nemendur munu því ekki bara læra ný atriði heldur líka leiðir til að afla sér upplýsinga í framtíðinni um álitamál sem varða heilsu og lífsstíl. Þau námsgögn sem stuðst verður við í námskeiðinu eru einkum á formi fræðslubæklinga frá ýmsum stofnunum s.s. Lýðheilsustöð, Matvælastofnun, Hjartavernd, Krabbameinsfélaginu, Samtökum sykursjúkra, Beinvernd, ÍSÍ (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) og Landspítalanum. Einnig verður stuðst við ljósrit úr kennslubókum í næringarfræði og líffæra- og lífeðlisfræði, myndbönd af netinu og næringarútreikningaforritið Matarvefurinn.

**Upplýsingar veitir:** Kristbjörg Ágústsdóttir, kristbjorga.hja.msund.is

## Heimur barnabókmenntanna (HBB3v3)

### Námslýsing

Barnabækur hafa margvíslegt gildi í uppeldi og menntun barna. Þær hafa fyrst og fremst skemmtigildi, en einnig menningarlegt, listrænt, menntunar- og uppeldislegt gildi. Þessi gildi barnabókarinnar fléttast saman og styrkja hvert annað. Umfram allt er barnabókin þó sjálfstæður heimur sem lýtur eigin lögmálum. Í þessum áfanga munu nemendur kynnast heimi barnabókmenntanna.

### Markmið áfangans:

Nemendur skulu afla sér þekkingar og skilnings á:

- þróun íslenskra barna- og unglingabóka
- skyldleika (hugmyndafræðilegum tengslum) íslenskra og erlendra barna- og unglingabóka

Nemendur skulu öðlast leikni í:

- að fjalla af skilningi og þekkingu um íslenskar barna- og unglingabækur
- lesa vandlega nokkrar íslenskar barna- og unglingabækur frá ýmsum tímum
- lesa gagnrýna umfjöllun um barna og unglingabækur í bókum, blöðum og tímaritum
- að huga að öðrum birtingarformum barna- og unglingabóka, t.d. leikritum og/eða kvikmyndum

Nemendur munu hagnýta sér þekkingu sína með því að:

- ræða og skrifa um barna- og unglingabækur
- halda fyrirlestra um barna- og unglingabækur
- skrifa ritgerð um barna- og unglingabækur

### Kennslugögn:

*Raddir barnabókanna.* 1999. Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.

Barna- og unglingabækur

Greinar um barna- og unglingabækur

Veraldarvefurinn

Handbækur

### Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi og því ekkert lokapróf.

Hver nemandi flytur nokkra stutta fyrirlestra á önninni um barna- og unglingabækur og skilar þeim ásamt öðrum verkefnum í verkmöppu í lok annar.

Nemandi skilar ritgerð um bók fyrir börn eða unglinga

*Kennsla fer að mestu fram í formi umræðutíma, ásamt innlögn frá kennara og/eða nemendum.*

**Upplýsingar veitir:** Rannveig Hulda Ólafsdóttir, rannveigo hjá msund.is

## Hjálparstarf og friðargæsla (HJF3v3)

### Námslýsing:

Nemendur munu velta fyrir sér ólíkum tegundum hjálparstarfs, svo sem þróunarsamvinnu, neyðaraðstoð og flóttamannaaðstoð. Nemendur munu velta fyrir sér hlutverki ólíkra stofnana og hvernig samvinna á alþjóðavettvangi getur skipt sköpum við ólíkar aðstæður. Í því samhengi verður tekin fyrir virkni ólíkra stofnana, félagasamtaka, landsnefnda og hjálparstofnana og sett í samhengi við alþjóðasamfélagið. Lögð verður áhersla á að fara í vettvangsferð til félagasamtaka eins og UNICEF, UNWomen, Amnesty International og hjálparsamtök eins og SOS barnaþorp ofl. Þá eru nokkur grunnhugtök sem snerta hjálparstarf skilgreind og skoðuð með gagnrýnum hætti, svo sem þróun, fátækt, þróunarlönd og þriðji heimurinn. Nemendur munu taka fyrir sjónarhorn Íslendinga sem þátttakendur í alþjóðasamfélaginu. Einnig verður lögð áhersla á að fá kynningu hjá stofnunum eins og Íslensku friðargæslunni og Þróunarsamvinnustofnun.

### Námsmarkmið:

Að nemendur þekki til virkni ólíkra stofnana alþjóðasamfélagsins.  
Geti mótað eigin skoðun um nauðsyn ólíkra stofnana og félagasamtaka.  
Færi rök fyrir skoðunum sínum á grundvelli þekkingar.  
Þekki munin á ólíkum tegundum hjálparstarfs í heiminum eins og þróunarsamvinnu, flóttamannaaðstoðar og neyðaraðstoðar.  
Geti greint frá grunnhugtökum er tengjast hjálparstarfi, sem dæmi þróun fátæktar, þriðji heimurinn osfv.  
Þekki ólík hlutverk Ísland í alþjóðasamfélaginu og setji það í fræðilegt samhengi.

### Námsmat:

Þetta er verklegur áfangi þ.e. nemendur fara í heimsóknir eða fá heimsókn frá ólíkum stofnunum, einstaklingum og félagasamtökum. Nemendur skila verkefnum tengt hverri heimsókn. Horft verður á myndefni tengt viðfangsefninu hverju sinni og umræður í tíma. Lesefni er að stórum hluta á netinu, einnig efni sem ólíkar stofnanir láta í té, myndbönd og myndir tengt efninu. Þetta er símatsáfangi.

**Upplýsingar veitir** Jónína Helga Þórólfsdóttir, joninath hjá msund.is

# Hobbit og Lord of the Rings í kvikmyndum (HBK3v3)

## Námslýsing:

Í þessum áfanga verður fræðst um hinn heimsþekktu rithöfund, J.R.R. Tolkien, helstu bókmenntaverk hans og kvikmyndir sem hafa verið gerðar eftir verkum hans. Aðaláherslan verður á hinar mögnuðu kvikmyndir Peter Jacksons sem eru byggðar á tveimur þekktustu skáldsögum Tolkien, *The Hobbit* og *The Lord of the Rings*. Kvikmyndirnar voru sýndar á árunum 2001-2014. Síðustu vikurnar í áfanganum verður svo fjallað um eitthvað annað. Hvað það verður kemur í ljós seinna en það verður valið í samráði við nemendur í fyrstu viku kennslunnar.

## Markmið áfangans er að nemendur:

- fræðist um J.R.R. Tolkien, helstu skáldverk hans og þá sérstaklega *The Lord of the Rings* og *The Hobbit*.
- fræðist um ævi Tolkien og þær kringumstæður sem verk hans voru skrifuð í.
- geri sér grein fyrir sögu og áhrifum skáldverka Tolkiens.
- geri sér grein fyrir hvernig túlkunin tókst hjá kvikmyndagerðarmönnum.

## Kennsluáferðir:

- Sýningar kvikmynda og fyrirlestrar kennara eru meginuppistaða í tímum.
- Verkefni í formi spurninga um Tolkien, verk hans og þær kvikmyndir sem hafa verið gerðar eftir verkunum.
- Auk þess taka nemendur munnleg og skrifleg próf um kvikmyndirnar.
- Mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í umræðum um þau skáldverk og kvikmyndir sem fjallað er um.

## Námsmat:

- Áfanginn byggist á símati. Lokaeinkunn byggist á eftirfarandi:
- Raunmæting = 15%
- Verkefni um höfund og kvikmyndirnar = 35%
- Vinnueinkunn (áhugi, virkni og þátttaka í umræðum) = 10%
- Munnlegt verkefni = 20%
- Skrifleg próf um höfundana og kvikmyndirnar = 20%

## Námsefni:

- Kvikmyndir byggðar á skáldverkum J.R.R. Tolkien.
- Glærur, greinar og verkefni kennara.
- Annað efni.

**Upplýsingar veitir** Arnoddur Hrafn Eliasson, arnoddure hjá msund.is

## Í leikhús! Skemmtun og skætur (LHÚ3v3)

### Námslýsing

Áfanginn byggir á leikhússókn. Farið verður á a.m.k. sjö leiksýningar sem hópurninn velur í sameiningu, þær ræddar innbyrðis og rætt við aðstandendur sýninganna eftir því sem hægt er. Einnig er stefnt að því að fara í heimsókn baksviðs, fá einhverja fagmenn sem tengjast leikhúsinu í heimsókn (sýningarstjóra, leikskáld, leikstjóra...), sjá a.m.k. eina æfingu og kynnst þannig leikhúsinu frá öllum hliðum.

### Markmið

Að sækja fjölbreytilegar leiksýningar, kynnst leikverkum og öðlast skilning á lögmálum leikhússins og leiklistarinnar. Að skiptast á skoðunum um leiksýningar og njóta samveru á fjölbreytilegum vettvangi utan skólans einnig.

### Námsmat

Áfanginn er próflaus. Námsmat byggir á leikhússókn, mætingu og verkefnaskilum í tengslum við leiksýningarnar. Verkefnin verða einstaklings-, hóp- og paraverkefni og skylt er að mæta á sýningar með hópnum.

**Vakin er athygli á því að í þessari valgrein verður að gera ráð fyrir allnokkru efnisgjaldi í upphafi annar vegna kaupa á leikhúskortum.**

**Upplýsingar veitir** Steinunn Egilsdóttir, steinunne hjá msund.is



# Íslenskir dægurlagatextar (ÍDT3v3)

„Úlfurinn rúllar með rómverskum gyðjum og stóískum hómís“

## Námslýsing

Íslenskir dægurlagatextar eru mikilsverður hluti af íslenskri menningu þó að þeir falli oft í skuggann af öðrum skáldskap. Bak við þennan skáldskap standa þó oft þekkt skáld s.s. Þorsteinn frá Hamri, Davíð Stefánsson, Tómas Guðmundsson og fleiri. Það er ekki á allra færi að semja ódauðleg ljóð en margir geta hins vegar sett saman þokkalegustu dægurlagatexta sem almúginn hefur greiðan aðgang að í gegnum tónlistina. Sumir þessara texta hafa vægast sagt greipt sig í þjóðarsálinu. Í þessari valgrein munu nemendur fá tækifæri til að kynnst slíkum textum af ýmsum toga.

Nemendur munu rýna í íslenska dægurlagatexta frá ýmsum tímabilum, greina þá og kryfja til mergjar. Einnig verður leitast við að svara spurningum á borð við það hvort einhver munur sé á því hvernig höfundar fyrri tíma tjá ást sína í lagatextum samanborði við texta nútímans? Athugað verður hvort ádeila í dægurlögum hafi þróast í gegnum tíðina? Og hvort textar endurspeglu þann tíðaranda sem þeir spretta úr hverju sinni? Síðast en ekki síst er svo vert að skoða hvort að það sé eitthvað sem einkenni góða og vinsæla texta?

## Markmið áfangans:

Nemendur skulu afla sér þekkingar og skilnings á:

- þýðingu íslenskra dægurlagatexta fyrir íslenska tungu og menningu
- þýðingu texta fyrir lag
- þróun dægurlagatexta
- þýðingu tíðaranda fyrir dægurlagatexta

Nemendur skulu öðlast leikni í:

- að túlka lagatexta á gagnrýnninn hátt
- að mynda sér skoðanir á dægurlagatextum
- að semja dægurlagatexta við tónlist

Nemendur munu hagnýta sér þekkingu sína með því að:

- gefa út textabók
- ræða og greina íslenska dægurlagatexta

## Kennslugögn:

Íslenskir dægurlagatextar frá ýmsum tímabilum. Veraldarvefurinn. Efni frá kennara.

## Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi og því ekkert lokapróf. Námsmat verður byggt á þátttöku í tímum, hópaverkefnum, textabók og verkefnaöppu.

## Kennsluaðferðir:

Kennsla fer fram í formi umræðna í tímum ásamt innlögnum frá kennara og/eða nemenda.

**Upplýsingar veitir:** Rannveig Hulda Ólafsdóttir, rannveigo hjá msund.is

## Íþróttافرæði (ÍÞF3v3)

### Námslýsing:

Í námi og kennslu í íþróttافرæði er áhersla lögð á að búa nemendur undir þjálfun einstaklinga og ekki síður leiðbeinenda- og þjálfarastörf hjá félögum.

Grunnur að góðu þjálfara- og leiðbeinendanámi er að verulegu leyti góð skipulagning, þar sem tekið er tillit til ólíkra einstaklinga og boðið upp á fjölbreytni í efnisvali og kennsluaðferðum. Því er nauðsynlegt að gera nemendum grein fyrir mikilvægi skipulegra vinnubragða og þjálfna þá í markvissum vinnubrögðum.

Kennsla er 3 tíma á viku allt skólaárið, 1 bóklegur tími og 2 verklegir. Fyrirkomulag er með þeim hætti að byrjað er á að fara yfir efnisatriði með fræðilegri yfirferð kennara. Í kjölfarið er verkleg kennsla um viðkomandi efni.

### Efnisatriði:

Upphitun. Almenn upphitun, sérhæfð upphitun.Þolþjálfun. Grunnþol, sérþol, loftháð þol, loftfirrt þol.

Þjálfunarástand. Þjálfunarpúls, hámarkspúls, hvíldarpúls.

Kraftþol. Hraðakraftur, kyrrstöðukraftur, kraftþjálfun, stöðvaþjálfun.

Skipulag þjálfunar. Langtímaskipulag, ársskipulag, skipulag tímabila, skipulag æfinga.

Næringarfræði. Mataræði, vítamín, vökvajafnvægi, fæðubótarefni.

Kynnig á íþróttagreinum, sem er ekki hægt að stunda í sal MS: Júdo, badminton, keilu, sundi, skíðum, íþróttum fyrir fatlaða o.fl.

### Námsefni:

Þjálfifræði eftir Arne Sievertsen. Fjölrit frá kennara.

### Námsmat:

Í náminu er nauðsynlegt að leggja ýmis verkefni, próf eða kannanir fyrir nemendur, svo sem verkefni, sem tengjast þjálfun og skipulagningu íþróttagreina, skriflega könnun, sem segir til um þekkingu nemenda á efninu eða færnispróf, þar sem skrásettar eru niðurstöður og fylgst með framförum eða niðurstöðum eftir ákveðinn tíma.

**Upplýsingar veitir** Guðmundur Ólafsson, guðmunduro hjá msund.is.

# James Bond og Star Wars í kvikmyndum (JBS3v3)

## Námslýsing:

Í þessum áfanga verður fræðst um þær tvær kvikmyndaseríur sem hafa haft hvað mest áhrif síðustu 50 árin. Hér er verið að tala um Star Wars eftir George Lucas og kvikmyndirnar um njósnarann James Bond sem eru byggðar á skáldsögum Ian Fleming. Fjallað verður um allar 6 Star Wars kvikmyndir Lucas auk The Force Awakens sem sýnd var á síðasta ári og Rogue One: A Star Wars Story sem verður frumsýnd um næstu jól. Að því loknu verður fjallað um Ian Fleming og hinn mikla fjölda James Bond kvikmynda sem hafa verið gerðar en 24. myndin var frumsýnd á síðasta ári. Horft verður á allavega eina mynd með hverjum Bond leikara.

## Markmið áfangans er að nemendur:

- fræðist um ævi George Lucas og Ian Fleming, helstu verk þeirra og þá sérstaklega Star Wars og James Bond.
- fræðist um þær kringumstæður sem verkin voru skrifuð í.
- geri sér grein fyrir sögu verkanna og hverjir voru helstu áhifavaldar þegar þeir skrifuðu sögurnar eða gerðu kvikmyndirnar.
- Geri sér grein fyrir áhrifum sem þessar myndir hafa haft á aðrar myndir síðustu 50 ár.

## Kennsluaðferðir:

- Sýningar kvikmynda og fyrirlestrar kennara eru meginuppistaða í tímum.
- Verkefni í formi spurninga um Lucas/Fleming, verk þeirra og kvikmyndir sem tengjast skrifum þeirra.
- Auk þess taka nemendur munnleg og skrifleg próf sem tengjast kvikmyndunum.
- Mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í umræðum um þau skáldverk og kvikmyndir sem fjallað er um.

## Námsmat:

- Áfanginn byggist á símati. Lokaeinkunn byggist á eftirfarandi:
- Raunmæting = 15%
- Verkefni um höfundana og kvikmyndirnar = 40%
- Vinnueinkunn (áhugi, virkni og þáttaka í umræðum) = 10%
- Munnlegt verkefni = 15%
- Skrifleg próf um höfundana og kvikmyndirnar = 20%

## Námsefni:

- Kvikmyndir byggðar á sköpunarverkum Ian Fleming/George Lucas.
- Glærur, greinar og verkefni kennara.
- Annað efni.

**Upplýsingar veitir** Arnoddur Hrafn Eliasson, arnoddure hjá msund.is

## Jóga og slökun (JÓG3v3)

### Námslýsing

Í þessari valgrein vinnum við að mestu með eftirfarandi fjóra grunnþætti:

Djúpslökun

Hugleiðslu-og einbeitingaræfingar

Öndunaræfingar

Líkamsstöður (jógaæfingar)

Einnig verða grundvallakenningar jóga kynntar, sýn þess á lífið og tilveruna og mismunandi útfærslur þess.

### Markmið

- Að nemendur fái hagnýta reynslu af mörgum jógaáðferðum, þ.e geti nýtt sér þær í daglegu lífi.
- Að nemendur liði og styrki líkamann með hjálp jógaæfinga.
- Að nemendur læri slökun og geti nýtt sér það dags daglega, t.d gegn stressi og til að sofa betur.
- Að nemendur þjálfist í einbeitingu og að kyrra hugann með hjálp hugleiðsluáðferða.
- Að nemendur fái innsýn í dýpt jóga og þróun þess gegnum tíðina.
- Að nemendur fái sem heilsteypasta mynd af jógafræðunum

### Kennsluáðferðir

Námið er að miklu leyti verklegt, þ.e við gerum hlutina og lærum um þá þannig. Kennslan verður á þann hátt að sem flestir geti tekið þátt í henni. Því verða kenndar tiltölulega léttar æfingar og tekur kennsla mið að því að nemendur verði færir í að nýta sér æfingarnar utan kennslu. Í fræðilegu tímunum verða fyrirlestrar, greinar lesnar eða skoðuð myndbönd um jóga.

### Kennsluefni

Ekki er kennslubók í greininni

Kvikmyndir og myndbrot um jóga

Greinar

Annað efni (t.d efni af netinu)

### Námsmat

Ekki verður lokapróf í greininni heldur byggist lokaeinkunn á símati. Matið byggist m.a á dagbók sem nemendur halda út námsárið ásamt einstaklings- og hópaverkefnum, ástundun og mætingu.

**Upplýsingar veitir** Einar Rafn Þórhallsson, einarth hjá msund.is

## Konur í kvikmyndum „Stelpumyndir“ (KBK3v3)

### Námslýsing:

Líf og sjálfsmynd kvenna hefur löngum verið tíðrætt umfjöllunarefni í bókmenntaheiminum og nú í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Í þessum áfanga verður horft á kvikmyndir og/eða myndabætti sem tengjast því hvernig það er að vera kona, oft á tíðum ung kona, í nútímaþjóðfélagi. Við veltum líka fyrir okkur sjónarhorn karla í tengslum við þessa umræðu. Við munum lítilsháttar kynnst lífi og örlögum nokkurra sögulegra kvenna frá fyrri tíð, því gott er að gera samanburð og meta hvort nútímalíf bjóði konum upp á betra líf og meiri möguleika til að blómstra og skína. Ýmsar kvikmyndir og myndabættir verða sýnd.

### Markmið áfangans er að nemendur:

- setji sig í aðstæður ýmissa kvenna (og karla) sem lýst er í kvikmyndum og myndabáttum, hvort sem aðstæðurnar eru raunverulegar eða skáldaðar.
- kynnist eftir atvikum leikstjórum eða höfundum þessara verka og boðskapinn sem þeir færa fram með verkum sínum.
- geri sér grein fyrir sögu og áhrifum skáldverkanna þegar það á við

### Kennsluáðferðir:

- Sýningar kvikmynda og sjónvarpsþátta eru meginuppistaðan í kennslutímum.
- Verkefni í formi spurninga um kvikmyndirnar eða myndabættina og um leikstjóra og höfunda þessara verka.
- Mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í umræðum um þær kvikmyndir og myndabætti sem fjallað er um.
- Áfanginn verður kenndur á íslensku en myndefnið verður allt á ensku þannig að unnið verður samhliða með enskt tungumál og skilning.
- Verkefnin verða unnin á íslensku.
- Kynjafræðikennari mun væntanlega koma í heimsókn til umræðu og fræðslu og jafnvel fáum við heimsókn sögukennara til að ræða málin.

### Námsmat:

- Áfanginn byggist á símati. Lokaeinkunn byggist á eftirfarandi:
- Raunmæting = 10%
- Virkni í áfanganum, skil á verkefnum = 15%
- Skrifleg verkefni á námsnetinu (4) = 40%
- Kynning = 15%
- Kvikmyndagagnrýni = 20%

### Námsefni:

- Kvikmyndir og myndabættir • Glærur og verkefni kennara • Annað efni

**Upplýsingar veitir** Sigrún Bryndís Gunnarsdóttir, sigrun@msund.is

## Kynjafræði (KYN3v3)

### Námslýsing:

Viðfangsefnið er jafnrétti og hvar við stöndum gagnvart hugmyndinni um jafnrétti. Er einhver munur á jafnréttissinna og femínista? Nemendur munu í því samhengi kynnast rauðsokkum, jafnréttisbaráttu, femínisma og þjálfast í að skoða heiminn með svokölluðum kynjagleraugum. Nemendur munu fara yfir sögu jafnréttisbaráttunnar, skoða hvernig vinnumarkaðurinn hefur þróast, áhrif fjölmiðla, virkni stjórnkerfisins og margt fleira. Nemendur munu kynnast *Bechdel – movie test* sem opnar augu margra þegar horft er á kvikmyndir.

Í áfanganum munu nemendur skoða fjölmiðla, kvikmyndir og bækur. Viðfangsefni áfangans ræðst af áhuga nemenda á að taka fyrir ákveðin málefni en þar fyrir utan má nefna að launamunur kynjanna, staðalmyndir, klámvæðing, vændi, mansal, kynbundið ofbeldi, tíska, og staðgöngumæður eru meðal þess efnis sem verður til umfjöllunar.

### Námsmarkmið

- Að nemendur þekki til og geti nýtt sér hugtök í kynjafræði.
- Að nemendur þekki til stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi, fyrr og nú.
- Að nemendur séu meðvitaðir um áhrif jafnréttisbaráttunnar fyrr og nú.
- Að nemendur þjálfist í að taka þátt í umræðum um tiltekin efni og koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri.
- Að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun.

### Lesefni

Kynungabók sem hægt er að sækja á netinu. Lesnir verða valdir kaflar úr bók Herdísar Helgadóttur (1996). *Vaknaðu kona!* Auk þess munu nemendur lesa valið efni sem verður sett á námsnetið. Nemendur munu koma með hugmyndir að efni til að horfa á og lesa sér til um. Horft verður á kvikmyndir tengdar efninu og unnið úr þeim.

### Námsmat

Þetta er símatsáfangi. Nemendur munu vinna verkefni tengt viðfangsefninu hverju sinni. Mikið er lagt uppúr umræðum. Nemendur vinna verkefni ýmist einstaklings, para eða hópaverkefni. Lögð er áhersla á að hvetja nemendur að vinna sjálfstætt og hafa frumkvæði að því að gera t.d. stutta rannsókn, skrifa grein, gera kvikmynd, vera með gjörning osfv, vera skapandi og sýnileg í tengslum við viðfangsefnið og ræðst það mikið af áhuga og vilja nemenda til þátttöku.

**Upplýsingar veitir** Jónína Helga Þórólfsdóttir, joninath hjá msund.is

## **Leirmótun og þrívíð verk (LMP3v3)**

### **Námslýsing:**

Nemendur læra grunntækni við meðferð leirs og að forma nytjahluti með mismunandi aðferðum.

Fræðast um mismunandi brennslumark leirtegunda og glerunga og réttar aðferðir við þurrkun.

Fullvinna hlutina s.s. glatta, lita með oxíðum og glerja.

Síðan farið í að búa til flóknari lágmyndir og þrívíð verk. Það er einnig hægt að nota annan efnivið en leir við gerð þrívíðra verka s.s. pappamassa, gler, gips ofl.

### **Námsmarkmið:**

Að nemendur nái færni við leirmótun og tileinki sér rétt vinnubrögð og frágang á verkum.

Geti tileinkað sér tæknina til að koma hugmynd í fullunnið verk.

Að nemendur þrói með sér næmni fyrir formum og þróun eigin hugmynda.

### **Námsmat:**

Símat. Hvert verkefni er metið og virkni í tímum.

**Vakin er athygli á því að í þessari valgrein er innheimt sérstakt efnisgjald í upphafi annar.**

**Upplýsingar veitir** Guðrún Benedikta Elíasdóttir, gudrune hjá msund.is

# Línuleg algebra 1 (LÍA3v3)

Valgreinin er ætluð nemendum á náttúrufræðibraut.

## Námslýsing:

Inngangur að línulegri algebra. Línuleg algebra er mjög mikilvægur hluti af stærðfræðigrunni í upphafi háskólanáms í raunvísinda- og verkfræðigreinum. Til boða stendur námskeið í línulegri algebra sem er algjör skylda fyrir þá sem fara í verkfræði, tölvunarfræði og fleiri fög.

## Helstu viðfangsefni:

- Línuleg jöfnuhneppi, fylkjareikningur.
- Gauss-Jordan-aðferð.
- Ákveður og andhverfur fylkja.
- Vigurrúm og hlutrúm þeirra.
- Línulega óháð hlutmengi í vigurrúmi, grunnar og vídd.
- Innfeldi, lengd og horn.
- Rúmmál og krossfeldi í þrívíðu hnitarúmi.

## Námsefni:

Kennslubók á ensku eftir Howard Anton.

## Námsmat:

Námsmat verður í formi símats sem byggist á mati á verkefnavinnu, virkni og mætingu nemenda.

**Upplýsingar veitir** Ileana Manolescu, ileanam hjá msund.is.



## Myndbandagerð 1 (MBG3v3)

### Námslýsing

Í þessu námskeiði verður farið í grunnþætti þess að klippa myndbönd og lært á sérhæfð klippiforrit. Nemendur búa til eigin myndbönd þar sem allar upptökur eru í þeirra höndum.

Einnig kynnumst við hvernig á að búa til tónlist/hljóð í tölvu sem síðan er nýtt í myndböndin.

**Þetta er grunnnámskeið og er ekki krafist fyrri þekkingar á myndbandagerð. Námskeiðið er öllum opið, jafnt strákum sem stelpum.**

### Markmið

- Að öðlast hæfni í að klippa myndbönd og nota “effecta”
- Kunna grunnatriði þess að taka upp myndbönd
- Þekki mismunandi aðferðir við gerð myndbanda
- Kynnist hljóðsetningu og kunni grunnatriði í að búa til tónlist á tölvum og geti sett hana undir myndbönd

### Kennsluaðferðir

Að mestu leyti er námið verklegt þar sem nemendur reyna sjálfir það sem sýnt hefur verið í tíma. Kennslan mun byggjast upp að einhverju leyti á fyrirlestrum þar sem kennt er á forritið, kynnst mismunandi tegundum af myndböndum og mismunandi aðferðum við klippingar.

Tímarnir munu byggjast á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda þar sem þeir vinna sjálfir að mismunandi verkefnum.

### Kennsluefni:

Klippiforrit og tónlistarforrit

Kennslubókin er handbók sem fylgir með forritunum.

Einnig fá nemendur greinar og heimasíður

Annað efni (t.d efni af netinu), kennslumyndbönd

### Námsmat:

Ekki verður lokapróf í greininni heldur byggist lokaeinkunn á símati. Matið byggist á einstaklings- og hópaverkefnum, ástundun og mætingu.

**Upplýsingar veitir** Einar Rafn Þórhallsson, einarth hjá msund.is

## Myndbandagerð 2 (MB23v3)

### Námslýsing

Í þessu námskeiði verður lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda þar sem nemendur taka upp, klippa, litaleiðrétta, hljóðsetja og gera allt sem felst í því að fullklára myndband.

Skoðaðar verða ýmsar aðferðir við myndbandagerð eins og green screen, motion tracking, color correction ofl.

Krafist er að viðkomandi hafi lokið myndbandagerð 1 eða hafi góða grunnþekkingu á klippiforritinum eins og premiere pro eða final cut.

### Markmið

- Að vera fullfær í að klippa myndbönd og nota “effecta”
- Kunna helstu aðferðir við að taka upp myndbönd og sýni hæfni við það
- Kunni að setja upp green screen og nota í eigin myndböndum
- Kunni hljóðsetningu og upptökur
- Kunni á hljóðvinnsluforrit og geti unnið hljóð
- Kunni grunnatriði í að litaleiðrétta
- Geti skilað af sér fullkláruðu myndbandi

### Kennsluaðferðir

Að mestu leyti er námið verklegt þar sem nemendur reyna sjálfir það sem sýnt hefur verið í tíma. Kennslan mun byggjast upp að einhverju leyti á fyrirlestrum þar sem kennt er á forritið, kynnst mismunandi tegundum af myndböndum og mismunandi aðferðum við klippingar.

Tímarnir munu byggjast á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda þar sem þeir vinna sjálfir að mismunandi verkefnum.

### Kennsluefni:

Klippiforrit og tónlistarforrit

Kennslubókin er handbók sem fylgir með forritunum.

Einnig fá nemendur greinar og heimasíður

Annað efni (t.d efni af netinu), kennslumyndbönd

### Námsmat:

Ekki verður lokapróf í greininni heldur byggist lokaekinn á símati. Matið byggist á einstaklings- og hópaverkefnum, ástundun og mætingu.

**Upplýsingar veitir** Einar Rafn Þórhallsson, einarth hjá msund.is

## Myndlist 1 (MYN3v3)

### Markmið greinarinnar eru:

- Að nemandinn kynnist helstu stefnum, viðfangsefnum og vinnuaðferðum myndlistar.
- Að nemandinn öðlist þekkingu á mikilvægustu hugtökum greinarinnar.
- Að nemendur þrói með sér næmni fyrir formum og litum og þróun eigin hugmynda.
- Að nemendur kynnist verkum áhrifamestu myndlistarmanna Íslands.

### Námslýsing:

- Teikning: Að losa um í teikningu, ná stjórn á verkfærinu
- Grunnform
- Hlutateikning
- Módelteikning: Þjálfun í teikningu á lifandi fyrirmyndum.
- Sjálfsmynd
- Fjarvíddarteikning
- Málun: Myndbygging og litameðferð - Vatnslitir - ýmsar tæknaðferðir.
- Akrylmálun - litafræði — hugmyndavinna.
- Sýningarferðir og e.t.v. heimsókn á vinnustofu listamanns.
- Lokaverkefni, aðferð og efniviður að eigin vali.

### Kennsluáðferðir:

Verkleg vinna í kennslustundum. Kynningar og heimsóknir.

### Námsmat:

Símat. Einstaka verkefni eru metin, skrifleg og kynningar.

**Vakin er athygli á því að í þessari valgrein er innheimt sérstakt efnisgjald í upphafi annar.**

**Upplýsingar veitir** Guðrún Benedikta Elíasdóttir, guðrone hjá msund.is

## Myndlist 2 (MY24V3)

Forkröfur: Myndlist 1 eða sambærilegt nám.

### Markmið greinarinnar er:

- Að nemendur kynnist mismunandi forsendum að baki hugmyndaþróun í myndlist nútímans.
- Að nemendur læri að skoða myndlist og kynnist mismunandi aðferðum við listsköpun.
- Að nemendur þrói með sér næmni fyrir formum og litum og þróun eigin hugmynda.

### Námslýsing:

Hugmyndavinna/teikning: Í hugmyndavinnu er lögð áhersla á að þróa og vinna með eigin hugmyndir. Lögð er áhersla á vinnuferlið, að þróa hugmynd í fullunnið verk.

Módelteikning: Nemendur þjálf sig í að teikna eftir fyrirmyndum og nota mismunandi efni. Þrívíddarteikning.

Málun: Nemendur þjálf litameðferð og myndbyggingu með akrýl og vatnslitum.

Grafik: Nemendur vinna grafikverk í tré eða linoleum dúk með fleiri litaplötum.

Lokaverkefni: Unnið með þeirri tækni sem nemendur sjálfir velja.

Aðstoð við að útbúa gögn til að sækja um listnám á háskólastigi.

### Kennsluaðferðir:

Aðallega er verkleg kennsla í kennslustundum og farið verður í myndlestur, gagnrýni og helstu atriði við myndgreiningu. Farið verður í sýningaferðir og heimsóknir til listamanna.

Nemendur vinna myndræna dagbók allan veturinn

### Námsmat

Símat: Einstaka verkefni eru metin þar af lokaverkefni 25%

**Vakin er athygli á því að í þessari valgrein er innheimt sérstakt efnisgjald í upphafi annar.**

**Upplýsingar veitir** Guðrún Benedikta Elíasdóttir, guðrune hjá msund.is

## Námsaðferðir 1 (NAM3v3)

Námið er fyrir nemendur sem hafa greinst með lestrar- og stærðfræðierfiðleika (dyslexíu og dyscalculus).

### Námslýsing:

Í námsáfanganum er m.a. fjallað um:

- námsaðferðir og skipulag náms.
- minnisþjálfun og hugkortagerð.
- fjölgreindir.
- hraðlestur.
- styrkleika nemenda með dyslexíu og dyscalculus.
- sjálfstæði og frumkvæði.
- slökun og prófkviða.
- námsaðferðir einstakra nemenda (kennari og nemandi).

### Námsmarkmið:

Tilgangurinn er að efla sjálfstaust nemenda, auka vellíðan og bæta námsaðferðir og námsárangur þeirra.

Nemendur

- þekki til skilgreininga og helstu kenninga um dyslexíu og dyscalculus.
- geti útskýrt ýmsar aðferðir við minnistækni.
- þekki til hugkortagerðar og geti beitt henni í námi.
- þekki fjölgreindarkenninguna og geti beitt henni í sjálfsmati.
- geri sér grein fyrir ólíkri tækni við hraðlestur.
- þekki og geti beitt slökunaraðferðum.
- geri sér grein fyrir eigin námsaðferðum.

### Námsmat:

Námsmat er símat sem byggist á mati á ferilmöppu sem hver nemandi vinnur. Í ferilmöppunni er safnað saman ýmsu efni um dyslexíu og dyscalculus, glósum og verkefnum sem unnin eru um efnið. Einnig er mæting nemenda í kennslustundir og viðtöl metin sem og virkni og þátttaka nemenda í kennslustundum og öðru starfi í námsaðferðum.

**Upplýsingar veitir** Björk Erlendsdóttir, bjorke hjá msund.is.

## Námsaðferðir 2 (NA24v3)

Undanfari Námsaðferðir 1.

### Námslýsing:

Námið er fyrir nemendur með lestrar- og stærðfræðierfiðleika (dyslexíu og dyscalculus). Sérstök áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og boðið er upp á einstaklingsráðgjöf bæði námslega og persónulega.

Í námsáfanganum er m.a. fjallað um:

- námsaðferðir og skipulag náms.
- minnisþjálfun.
- styrkleika nemenda með dyslexíu og dyscalculus.
- sjálfstæði og frumkvæði.
- slökun og prófkviða.
- námsaðferðir einstakra nemenda (kennari og nemandi).

### Markmið:

Tilgangurinn er að efla sjálfstaust nemenda, auka vellíðan og bæta námsaðferðir og námsárangur þeirra.

Nemendur

- þekki til skilgreininga og helstu kenninga um dyslexíu og dyscalculus.
- geti útskýrt ýmsar aðferðir við minnistækni.
- þekki og geti beitt slökunaraðferðum.
- geri sér grein fyrir eigin námsaðferðum.

### Námsmat:

Námsmat er símat sem byggist á mati á ferilmöppu sem hver nemandi vinnur. Í ferilmöppunni er safnað saman ýmsu efni um dyslexíu og dyscalculus, glósum og verkefnum sem unnin eru um efnið. Einnig er mæting nemenda í kennslustundir og viðtöl metin sem og virkni og þátttaka nemenda í kennslustundum og öðru starfi í námsaðferðum.

**Upplýsingar veitir** Björk Erlendsdóttir, bjorke hjá msund.is

## Næringarfræði (NÆR3v3)

### Áfangalýsing:

Eftir almenna kynningu á grundvallaratriðum næringarfræðinnar er farið er yfir helstu atriði varðandi prótein, fitu, kolvetni, trefjaefni, vatn, vítamín og steinefni. Fæðuflokkarnir eru kynntir og í hvaða fæðutegundum hin ýmsu næringarefni er helst að finna. Farið er yfir manneldismarkmið Íslendinga og hugtakið ráðlagður dagskammtur. Kennt er að nota næringarefnatöflur við útreikninga á orku og næringargildi matvæla. Nemendur reikna út næringargildi einstakra máltíða og dagsfæðis og bera niðurstöðurnar saman við manneldismarkmið. Fjallað er um meltingu, frásog og orkuvinnslu líkamans. Fjallað er um helstu kenningar sem tengjast umræðunni um offitu, óhefðbundnar megrunaraðferðir, áhrif næringar á sjúkdóma og sjúkdómsmyndanir, fæðuofnæmi og fæðuóþól. Einnig er farið yfir helstu geymsluþolsaðferðir fyrir matvæli, matarsýkingar, matareitranir og merkingar matvæla.

### Yfirferðaráætlun:

- 1.-2.vika Grundvallaratriði næringarfræðinnar.
3. vika Manneldismarkmið og ráðlagðir dagskammtar.
4. vika Prótein/ Kolvetni/ Fita.
5. vika Prótein/ Kolvetni/ Fita.
6. vika Næringarefnatöflur og útreikningar á orku matvæla.
7. vika Mataræði borið saman við manneldismarkmið og RDS.
8. vika Vítamín og steinefni.
9. vika Vítamín og steinefni.
10. vika Melting, frásog og orkuvinnsla líkamans
11. vika Helstu kenningar sem tengjast umræðunni um offitu.
12. vika Áhrif næringar á sjúkdóma og sjúkdómsmyndanir.
13. vika Fæðuofnæmi og fæðuóþól/ Matarsýkingar og matareitranir.
14. vika Merkingar matvæla.
15. vika Uppgjör og frágangur.

### Námsefni:

Ólafur Gunnar Sæmundsson: Lífsbróttur Næringarfræði fróðleiksfúsra. 2007. Næringarefnatöflur.

### Námsmat:

Símat sem byggist á verkefnavinnu (50%), skyndiprófum (25%) og mætingu (25%)

**Upplýsingar veitir** Þorbjörn Guðjónsson, torbjorn@msund.is

## París (PAR3v3)

Hámarksfjöldi nemenda í áfanganum er 30.

Undanfari er franska 1.

### Inngangur

Í þessum áfanga kynnst nemendur því markverðasta í sögu Parísar og fjölbreytilegu mannlífi. Samhliða skipuleggja nemendur þriggja daga námsferð til Parísar þar sem undirbúningurinn felst m.a. í að geta bjargað sér á frönsku. Ferðin verður farin um miðjan október. Hægt er að fá áfangann metinn án ferðarinnar með því að skila sérstöku verkefni.

### Markmið

Markmið:

- Kynnst helstu merkisstöðum í París og menningu hverfa og að nota frönsku þar
- Þjálfast í heimildaöflun og að semja upplýsingaefni til flutnings og birtingar um París, franska sögu, listasögu og menningu.

### Námslýsing:

Nemendur vinna verkefni um sögu Parísar, merkisstaði, hverfi o.fl. bæði fyrir og eftir ferð og fer upplýsingaöflun mest fram í gegnum nettexta, stutta fyrirlestra kennara og myndefni alls konar. Hluti af vinnunni fyrir ferðina felst í að læra á samgöngur innan og utan borgarinnar og geta átt helstu samskipti á frönsku. Í ferðinni er Louvre-safnið heimsótt og Versalir og garðar og ýmis þekkt hverfi og frægir ferðamannastaðir skoðaðir undir leiðsögn kennara. Nemendur munu kynna sér borgina og velja sér stað eða fyrirbæri í borginni sem þeir kynna síðan. -Í fyrirlestrinum í lokin sem gildir 50% starfa nemendur saman þrír til fimm í hóp.

### Kennslugögn:

Ýmsir textar af netinu, kynningarefni um borgina, listalíf, sögu Frakklands og Parísar, söngvar og kvikmyndir. Farið í færniþættina tal, hlustun, ritun við hæfi og skilning á frönsku.

### Kostnaður:

**Nemendur áfangans greiða allan kostnað ferðarinnar. Síðast var kostnaður af ferðum, gistingu og dagskrá í París hundrað og eitt þúsund krónur.**

### Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi: Fyrirlestur og myndband í lok áfangans gildir 50% (þar af 10% sjálfsmat og 20% nemendammat), raunmæting 30% og virkni og hegðun í tímum og ferð 20%.

**Upplýsingar veita** Fanny Ingvarsdóttir (fannyi hjá msund.is) og Petrína Rós Karlsdóttir (petrinak hjá msund.is).



## Sagan í kvikmyndum (SAK3v3)

### Lýsing á valáfanga

Viðfangsefni sagnfræðinga er að rannsaka og túlka atburði fortíðarinnar og leita þannig skýringa á þeirri þróun, sem borið hefur mannkynið á núverandi áfangastað. Í þessu skyni fara sagnfræðingar margar og mismunandi leiðir, en í valgreininni Sagan í kvikmyndum er ætlunin að skoða fortíðina í skuggsjá kvikmyndanna og kanna í því viðfangi gildi kvikmynda sem sagnfræðilegra heimilda. Markmið greinarinnar er einkum að auka og dýpka söguþekkingu nemenda og efla hæfni þeirra til að greina misjafnt sögulegt heimildargildi kvikmynda, en í leiðinni gefst nemendum væntanlega tækifæri til að sjá einhverjar af perlum kvikmyndasögunnar.

Í þessu viðfangi koma m.a. til álita eftirfarandi spurningar:

- *Er kvikmyndin áreiðanleg heimild?*
- *Hvernig birtist sagan í kvikmyndum?*
- *Notagildi kvikmynda, t.d. í pólitískum tilgangi?*
- *Dæmi um áróðursmyndir sem gagnert eru gerðar í þeim tilgangi.*
- *Dæmi um gagnstæðar áróðursmyndir.*
- *Getur áróður birst í venjulegri bandarískri Hollywoodmynd?*

Við upphaf annar leggur kennari fram mótaðar hugmyndir um 2 þemu, en hópurinn sjálfur velur 2 þemu til viðbótar í samráði við kennara. Nemendur munu fá í hendur lesefni með sagnfræðilegri umfjöllun um einstök þemu, og skoðaðar verða nokkrar valdar kvikmyndir um hvert þema, þær settar í sögulegt samhengi og reynt að meta heimildargildi þeirra. Undanfarið ár hefur kennari farið í bíó með nemendum ef það er verið að sýna kvikmynd sem kemur inn á þau þemu sem kennari og nemendur eru búin að velja.

### Námsmat

Það mun byggjast á símati. Til grundvallar því verða lagðir eftirfarandi þættir:

- Verkefni á önninni úr því lesefni, sem nemendum er ætlað að kynna sér til að öðlast trausta þekkingu á þeim atburðum, sem um er fjallað í einstökum myndum og baksviði þeirra.
- Fyrirlestur þar sem nokkrir nemendur gera sameiginlega grein fyrir efni einherrar kvikmyndar, setja hana í sögulegt samhengi og leitast við að meta heimildargildi hennar
- Virgni og þátttaka í umræðum og skoðanaskiptum í kennslustundum
- Ástundun mæld á kvarða tímasóknar yfir önnina

### Námsefni:

Förum í bíó, netið, myndbönd, greinar úr bókum, blöðum og tímaritum.

**Upplýsingar veitir** Brynhildur Einarsdóttir, brynhildure hjá msund.is

## **Samvinna nemenda í stærðfræði (STN3v3)**

Nemendur í 3. og 4. bekk leiðbeina nemendum í 1. og 2. bekk.

### **Lýsing á verkefninu og markmiðum þess**

Valgreinin er ætluð öllum nemendum í 3. - 4. bekk náttúrufræði

Valáfangi þar sem nemendur í 3.- 4. bekk leiðbeina nemendum í 1. og 2. bekk náttúrufræðibrautar í stuðningstímum í stærðfræði undir yfirstjórn kennara.

### **Námslýsing**

Gert er ráð fyrir að:

- nemendur séu búnir með tvö ár í stærðfræði ( 1.og 2. bekk)
- að námskeiðin virki sem verkleg stærðfræði einu sinni í viku allt árið.
- nemendur í 3. og 4. bekk þjálfari yngri nemendur og sýni sjálfstæð vinnubrögð.

### **Markmið**

Að styrkja nemendum úr öllum bekkjum í stærðfræði.

Fyrir nemendur í 3. - 4. bekk er þessi valáfangi hugsaður sem upprifjun og undirbúningur fyrir stúdentspróf og til að efla færni ábyrgðarkennd og sjálfstraust nemenda,.

### **Aðferð:**

Kennari fjallar um þekkingarbakgrunn hvers viðfangsefnis, rifjar upp allar reglur og dæmi sem eru nauðsynleg. – (þetta tekur 60 mínútur)

Næstu 60 mínútur munu nemendur í valáfanga hjálpa yngri nemendum undir stjórn kennara.

### **Námsmat –**

Mæting -30%

Viðbrögð frá yngri nemendum ( þetta er gert með könnun eftir hvern tíma) -30%

Dagbók – 40%

**Upplýsingar veitir** Ileana Manolescu, ileanam hjá msund.is

## Skápurinn og glerþakið (SKG3v3)

- hitt og þetta kyn í íslenskri og enskri orðræðu

### Námslýsing:

Mannlífið er ekki eingöngu sóleyjar og fíflar. Mannlífið er fögur flóra. Í þessum áfanga verður fjallað um birtingarmyndir kynja og hinsegin fólks sem fá að þrífast misjafnlega í íslenskum og enskum jarðvegi málumhverfis og bókmennta. Rýnt verður í staðalmyndir kynja í ljósi orðræðuhefðar og sögulegs samhengis og kynnt verða hugtök á borð við kynferði, kyngervi, kynhneigð, transfólk o.fl. Lesnar verða vel valdar bókmenntir, sem standa sumar utan kanónunnar, ásamt ýmsum nytjatextum. Einnig verður skoðað myndrænt efni með bæði kynja- og hinsegingleraugum.

### Námsmarkmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á

- birtingarmyndum kynja og hinsegin fólks í bókmenntum
- orðræðuhefð og helstu hugtökum sem snúa að kyngervi og hinsegin fólki
- fjölbreytileika mannlífs og jafnrétti

Nemandi skal hafa öðlast leikni í

- að greina staðalmyndir kynja og hinsegin fólks í bókmenntum
- að rýna í tungumálið á gagnrýninn hátt

Nemendi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður
- útskýra sjónarmið, taka virkan þátt í málefnalegum umræðum og vinna gegn fordómum
- beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta

### Námsmat:

Vinumappa 50%.

Umræður 10%.

Kynningar nemenda 20%.

Mæting 20%.

**Upplýsingar veita:** Jóna G. Torfadóttir (jonag hjá msund.is) og Jóhann G. Thorarensen (johanngt hjá msund.is)

## Stjórnun (STÓ3v3)

### Námslýsing:

Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Nemendum er kynnt gildi stjórnunar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið. Lögð verður áhersla á stjórnun sem hagnýta fræðigrein sem nýtist öllum í námi og starfi. Lögð er sérstök áhersla á að tengja stjórnun við Ísland; þarfir okkar og aðstæður í efnahagslífi.

Áfanginn er góður undirbúningur undir félagsvísindanám, viðskiptafræðinám, háskólanám í mannauðsstjórnun (HRM nám) en hefur annars hagnýtt gildi fyrir allt nám og flest störf í dag.

### Markmið

Nemendur:

- geti gert grein fyrir þróun stjórnunar sem fræðigreinar
- geti útskýrt mikilvægi stjórnunar fyrir einstakling, fyrirtæki og samfélag
- nái að tengja stjórnun við íslenskar aðstæður
- skilji gildi ásýndar og í myndar fyrirtækja
- þekki helstu hlutverk stjórnandans
- þekki til helstu stjórnunargreina líkt og gæðastjórnunar, mannauðsstjórnunar og skjalastjórnunar.
- fái verklegar æfingar í að stjórna fundum

### Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar kennara um einstök efni. Myndbönd um stjórnun. Nemendur gera verkefni ýmist skriflega eða í formi fyrirlestra, hópverkefni og einstaklingsverkefni. Áhersla lögð á skipulegar og vel undirbúnað umræður. Gestafyrirlesarar, stjórnendur úr íslensku atvinnulífi. Heimsóknir í fyrirtæki.

### Námsmat

Námsmat byggir á símati. Ekkert lokapróf en metnar eru framsögur í tímum, námsþáttapróf, þátttaka í umræðu, verkefni um skipurit fyrirtækja, fundargerð og stutt skýrsla um undirgrein stjórnunar líkt og gæðastjórnun, mannauðsstjórnun, skjalastjórnun.

### Námsefni:

Bókin „Inngangur að stjórnun“ eftir Sigmar Þormar, Skipulag og skjöl ehf., Reykjavík, 2007. Ljósrit frá kennara.

**Upplýsingar veitir** Sigmar Þormar, sigmart hjá msund.is

## Stjörnulíffræði (LST3v3)

Valgrein innan náttúrufræði

### Námslýsing

Er til líf á öðrum hnöttum? Ef svo er, hvers konar?

Skoðaðar verða hugmyndir um líf á öðrum hnöttum, hvað einkenni líf og hugmyndir um hvernig líf getur myndast. Skoðað verður hvers konar lífverur gætu þrífist og hvernig líf hefur þróast á jörðinni til samanburðar.

### Námsmarkmið

- Nemendur fá betri yfirsýn á hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar fyrir líf, hvernig líf getur þróast og sögu lífsins á jörðinni til samanburðar.
- Nemendur fá betri yfirsýn yfir þær lífverur sem gætu hugsanlega lifað á öðrum hnöttum.
- Nemendur eflast í hópavinnu og skapandi vinnubrögðum.
- Nemendur þjálfast í vísindalegum vinnubrögðum og vísindalegri nálgun.
- Nemendur fá frekari innsýn í líffræði og náttúrufræði.
- Nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun.

### Kennsluaðferðir

Notast verður við innlagnir, hópavinnu, umræður, verkefnavinnu og verklegar æfingar í tímum.

### Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi. Lokaeinkunn byggist á þátttöku og virkni í tímum, vinnumöppu og ýmsum verkefnum sem nemendur vinna í tímum.

### Námsefni

Notast verður við efni sem nemendur kaupa í gegnum skólann sem kennarar hafa sett saman, ásamt glærum og verkefnum úr tímum.

**Upplýsingar veita** Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir (gudbjorgs hjá msund.is) og Erla Hrönn Geirsdóttir (erlag hjá msund.is)

## Tónlistarsaga 20. aldar (TÓŠ3v3)

### Lýsing á valáfanga

Farið er yfir helstu tónlistarstefnur og strauma á 20. öldinni bæði hér heima og erlendis. Skoðuð verða áhrif samfélagsins á tónlistina og tónlistarinnar á samfélagið. Farið verður á Iceland Airwaves og síðan munu nemendur velja sér tónleika til að fara á. Einnig verða kvikmyndir og heimildarmyndir um tónlistarmenn og hljómsveitir skoðaðar. Tónskáld tuttugustu aldarinnar losuðu sig undan þeim stíl og þeim hefðum sem fyrri tímabil höfðu upp að mismiklu marki. Ekki er hægt að segja að einhver ein tónlistarstefna hafi verið yfirgnæfandi á 20. öld. Djassinn hóf innreið sína, auk þess sem þjóðernistengd tónlist var mikilvæg á fyrri hluta aldarinnar. Helsta bylting 20. aldarinnar var í dægurtónlist. Rokkið hófst á þessu tímabili, þjóðlagatónlist varð sívinsælli auk þess sem blús, „country“ og popp tónlist öðluðust fastan sess í hugum fólks.

### Markmið að nemendum:

- Séu meðvitaðir um margbreytileika tónlistar á 20. öldinni.
- Skynji þátt tónlistar í breytingum þjóðfélagsins.
- Kynnist ýmsum tónlistarmönnum og stefnum.

### Námsmat

Það mun byggjast á símati. Til grundvallar því verða lagðir eftirfarandi þættir:

Fyrirlestur á önninni úr því lesefni, sem nemendum er ætlað að kynna sér til að öðlast trausta þekkingu á þeim atburðum, sem um er fjallað. 40%

Verkefni Bæði hópavinna, einstaklingsvinna og vettfangsferðir. 30%

Virgni og þátttaka Tónleikar, umræður og skoðanaskipti 20%

Ástundun mæld á kvarða tímasóknar yfir önnina. 10%

### Námsefni

Tónleikar, fáum tónlistarmenn í heimsókn, netið, tónlist af diskum og myndböndum og greinar úr bókum, blöðum og tímaritum.

**Upplýsingar veitir** Brynhildur Einarsdóttir, brynhildure hjá msund.is

## Tölvutónlistarval 1 (TÖT3v3)

Í dag er mest öll tónlist búin til með aðstoð tölvu í einu eða öðru formi. Flest af vinsælustu lögum heims sem við heyrum daglega í útvarpinu er búin til í tölvu. Hún er notuð í að semja, framleiðslu, upptökur, hljóðblöndun og margt fleira. Í þessu námskeiði verður farið í hvernig hægt er að búa til tónlist, útfæra eigin tónlist, upptökur og hvernig á að koma tónlist á framfæri. Byrjað verður frá grunni og er engrar þekkingar á tónlist eða tónlistarforritum krafist. **Þetta námskeið er fyrir alla. Bæði byrjendur og lengra komna. Stelpur jafnt sem stráka.**

### Námslýsing:

Í þessarri valgrein vinnum við helst með eftirfarandi:

- Búum til tónlist með forritinu Ableton Live sem er eitt af helstu “pro” tónlistarforritum samtímans.
- Lærum á sýndar hljóðfæri, eða svokölluð VST hljóðfæri
- Förum í stúdíó og lærum á helstu rafhljóðfæri og stjórnþæki sem snúa að því að búa til tónlist með aðstoð tölvu.
- Kynnumst spennandi raftónlist og hvernig hún er gerð
- Lærum að “remixa” lög
- Lærum heildarferlið við að búa til lag, allt frá því að semja það yfir í að “mixa” lagið.
- Kynnumst hljóðupptökum á lifandi hljóðfærum og söng, þar sem við vinnum með mismunandi tegundir af hljóðnemum
- Skoðum grundvallaratriðin í hljóðhönnun

### Markmið:

- Að vera fær um að nota Ableton Live við eigin tónlistarsköpun
- Þekkja mismunandi tónlistarstefnur þar sem raftónlist kemur við sögu
- Kunna hljóðhönnun í sýndar hljóðgervlum og analog
- Viti hvað hljóðsmölun er og kunni að nota mismunandi tæki við það
- Kunni grunnatriði við að mixa og mastera lag
- Geti komið tónlist sinni á framfæri í gegnum netið
- Kunni að búa til fullunnið lag frá A - Ö

### Kennsluaðferðir :

Að mestu leyti er námið verklegt þar sem nemendur reyna sjálfir það sem sýnt hefur verið í tíma. Kennslan mun byggjast upp að einhverju leyti á fyrirlestrum þar sem kennt er á forritið, kynnst mismunandi tónlist og mismunandi aðferðum við tónsköpun.

Tímarnir munu byggjast á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda þar sem þeir vinna sjálfir að mismunandi verkefnum.

### Kennslufni:

**Tónlistarforritið ableton Live – Nemendur þurfa að útvega sér það (Athugið að hægt er að fá 40% nemendaafslátt af því á heimasíðunni).** Kennslubókin er handbók sem fylgir með forritinu. Einnig verður notast við greinar, myndbönd og heimasíður.

### Námsmat:

Ekki verður lokapróf í greininni heldur byggist lokaeinkunn á símati. Matið byggist á einstaklings- og hópaverkefnum, ástundun og mætingu.

**Upplýsingar veitir** Einar Rafn Þórhallsson, einarth hjá msund.is

## Tölvutónlistarval 2 (TÖ23v3)

Þetta námskeið er hugsað fyrir þá sem hafa lokið grunnáfangi í tölvutónlist eða hafa góðan grunn í ableton live tónlistarforritinu. Unnið er áfram með ableton live ásamt því að farið verður meira út í sýndarhljóðfæri og hljóðsarpa frá Native Instruments. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð í námskeiðinu og því verða nemendur að hafa grunnþekkingu sem nýtist.

### Námslýsing:

Í þessari valgrein vinnum við helst með eftirfarand:

- Búum til tónlist með forritinu Ableton Live sem er eitt af helstu “pro” tónlistarforritum samtímans.
- Vinnum með heildarferlið við að búa til lag, allt frá því að semja það yfir í að “mixa” lagið.
- Förum í hljóðupptökur, mix og masteringu
- Lærum hljóðhönnun í sýndarhljóðfærunum (VST) Massive, FM8 og Absynth
- Lærum að búa til okkar eigin effecta og hljóðfæri í Reaktor

### Markmið:

- Vera fullfær á tónlistarforritið Ableton Live
- Kunna hljóðhönnun í sýndar hljóðgervlum og analog
- Viti hvað hljóðsmölun er og kunni að nota mismunandi tæki við það
- Kunni að mixa og mastera lag
- Geti komið tónlist sinni á framfæri í gegnum netið
- Kunni að búa til fullunnið lag frá A - Ö
- Kunni upptökur á rödd og hljóðfærum

### Kennsluaðferðir :

Að mestu leyti er námið verklegt þar sem nemendur reyna sjálfir það sem sýnt hefur verið í tíma. Kennslan mun byggjast upp að einhverju leyti á fyrirlestrum þar sem kennt er á forritið, kynnst mismunandi tónlist og mismunandi aðferðum við tónsköpun.

Tímarnir munu byggjast á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda þar sem þeir vinna sjálfir að mismunandi verkefnum.

### Kennsluefni:

**Tónlistarforritið ableton Live – Nemendur þurfa að útvega sér það (Athugið að hægt er að fá 40% nemendaafslátt af því á heimasíðunni).**

Kennslubókin er handbók sem fylgir með forritinu. Einnig fá nemendur greinar og heimasíður

Annað efni (t.d efni af netinu), kennslumyndbönd

### Námsmat:

Ekki verður lokapróf í greininni heldur byggist lokaekinn á símati. Matið byggist á einstaklings- og hópaverkefnum, ástundun og mætingu.

**Upplýsingar veitir** Einar Rafn Þórhallsson, einarth hjá msund.is



## Yndislestur (Ynd3v3)

### Markmið:

Valgreinin er ætluð nemendum sem hafa áhuga á bókmenntum. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til uppbyggingar og ánægju.

### Fyrirkomulag:

Nemendur skulu velja a.m.k. fimm verk (fer eftir lengd og þungavigt!) og gera grein fyrir þeim við kennara munnlega í sérstökum viðtalstímum og halda lestrardagbók. Í dagbókinni segja nemendur frá lestrarreynslu sinni, þ.e. punkta hugleiðingar sínar samhliða lestrinum. Nemendur hafa tvær til þrjár vikur til að lesa hverja bók og skulu skrifa í dagbókina a.m.k. fjórum sinnum á þeim tíma, að lágmarki eina síðu í hvert sinn. Þeir eiga að sýna kennara dagbókarfærslur sínar í hverjum viðtalstíma. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum en kennari getur stofnað til hópumræðna ef margir nemendur velja sömu verk. Viðtalstímar kennara verða ákveðnir í samráði við nemendur og/eða auglýstir á töflu fyrir framan kennarastofu.

Bækur verða ákveðnar eftir áhugasviði nemenda en í samráði við kennara. Allir skulu lesa a.m.k. tvær bækur sem talist geti til „heimsbókmennta“ og mun kennari útbúa leslista með tillögum.

### Námsmat:

Þar sem námskeiðið er próflaust er skilyrði að nemendur standi skil á lestrinum jafnt og þétt alla önnina samkvæmt skipulagi sem þeir ákveða fyrirfram með kennara. Nemendur þurfa að sýna ákveðið sjálfstæði í vinnubrögðum, vera virkir og vel undirbúnir fyrir hvern viðtalstíma. Kennari metur frammistöðu nemenda í viðtalstímum þar sem nemandi verður að sýna þekkingu og skilning. Athugið að dagbókarfærslur eru einnig metnar til einkunnar.

**Upplýsingar veitir** Jóna Guðbjörg Torfadóttir, jonag hjá msund.is

## Yndislestur á ensku (Yne3v3)

### Námslýsing:

Þessum áfanga er ætlað að auka lestur nemenda á bókmenntaverkum á ensku, bæði klassískum sem og dægurbókmenntum. Nemendur velja sér sjálfir verk af lista sem útbúinn er af kennara og nemendum. Val nemenda á bókmenntaverkum er nauðsynlegt jafnframt því að kynna til sögunnar mikilvæg verk innan málasvæða enskunnar. Góð kunnátta í ensku er forsenda farsæls náms í þessum áfanga en þó er áhugi á lestri bókmennta enn mikilvægari.

### Námsmarkmið:

Að nemendur:

- auki lestur á bókmenntum á ensku sér til ánægju.
- kynnist bókmenntum frá ýmsum enskum málasvæðum (Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Suður Afríku).
- auki skilning sinn á enskri tungu og menningu í gegnum bókmenntir á ensku.
- öðlist þjálfun í gagnrýnni hugsun.
- þjálfist í skipulagningu eigins náms.

### Námsefni:

Valbókalisti sem enn er ósaminn að hluta. Hluti hans verður saminn í samráði við nemendur í upphafi áfangans. Nemendur sjá sjálfir um að afla sér þeirra bóka sem þeir ætla að lesa.

### Skipulag náms:

Nemendur gera samning um þær bækur sem þeir ætla að lesa og hvenær þær ætla að vera búnir. Síðan mæta þeir til samræðu um viðkomandi bækur, eina í hvert sinn. Því er ekki um fasta tímasókn að ræða í þessum áfanga nema hvað nemendur þurfa að taka þátt í leshring einu sinni í mánuði.

### Námsmat:

Þetta er próflaus áfangi. Námsmat fer fram með lestrardagbók og samræðum við kennara byggða á henni, skriflegri skýrslu, þátttöku í umræðuhóp (til dæmis einu sinni í mánuði).

**Upplýsingar veitir** Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran, ninar hjá msund.is

## **Annað nám metið sem valgrein**

Félagsstörf fyrir SMS geta fengist metin sem valgrein SMS. Um er að ræða a.m.k. tveggja ára þátttöku í Morfis, Gettu betur, Tháliu og eins árs stjórnarsetu í miðhópi. Nemendur verða að sækja um til kennslustjóra MS og óska eftir mati á þátttöku í félagslífi SMS.

Nemendur geta sótt um að fá að taka valgrein(ar) í öðrum framhaldsskóla, t.d. í formi fjarnáms. Þeir verða sjálfir að bera kostnaðinn af því og sjá til þess að staðfesting á náminu berist kennslustjóra MS. Nemendur í listdans- eða tónlistarskólum eiga þess kost að fá námið metið til eininga í vali, 3–12 einingar, allt eftir því hve langt þeir eru komnir í náminu.

Framhaldsskólanám sem ekki nýtist á braut eða kjörsviði getur verið metið sem nám í valgrein. Einnig eru ýmis form verklegs náms metin sem valgrein eftir sérstökum reglum með samþykki skólaráðs.

Nemendur í 3. og 4. bekk sem leggja stund á æfingar og keppni í íþróttagrein geta sótt um að fá þjálfun sína metna sem val. Íþróttaiðkun verður að hámarki metin sem 3 einingar af 12 einingum í frjálsu vali. Gert er ráð fyrir að um umsækjendur séu afreksfólk í sinni grein. Með umsókn þarf að fylgja þjálfunaráætlun, staðfest af þjálfara og meðmæli eða lýsing þjálfara eða forsvarsmanns íþróttafélags á hæfni nemandans og árangri í greininni. Nemendur verða að sækja um til kennslustjóra í upphafi haustannar og skila um leið staðfestri þjálfunaráætlun og meðmælum.

Nemendur skulu hafa í huga að ljúki þeir ekki tilskildum einingafjölda í vali teljast þeir ekki hafa lokið viðkomandi bekk skólans.

Nánari upplýsingar veitir Leifur Ingi Vilmundarson, kennslustjóri: leifuriv hjá msund.is.